



Nefnda- og greiningarsvið Alþingis

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Reykjavík, 4. desember 2023

Umsögn Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS)

um þingskjal 638 - 542. mál.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um lögheimili og aðsetur, lögum um mannvirki og lögum um brunavarnir (útbætur í brunavörnum).

Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) lýsir yfir ánægju með að þetta frumvarp er komið fram á Alþingi, þar sem markmið þess er að stuðla að úrbótum í brunavörnum á húsnæði þar sem fólk er með búsetu. LSS hefur komið að vinnu sem leidd var af Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) og hafði það markmið að gera tillögur um úrbætur á brunavörnum í íbúðarhúsnæði svo og öðru húsnæði þar sem fólk hefur búsetu í.

LSS telur framlagningu frumvarps þessa jákvætt skref í þeirri vegferð að bæta lagaumhverfi vegna brunavarna á landinu og að eftirlitsaðilum verði gefin fleiri tæki og auknar heimildir þegar kemur að skoðun á húsnæði, útgáfu leyfa og samþykkis þess að húsnæði sé notað sem íbúðarhúsnæði.

Í þessu sambandi vill LSS leggja áherslu á tvennt.

I. Öryggi íbúa

LSS leggur áhersla á brunavarnir í öllu húsnæði, hvort heldur um er að ræða íbúðarhúsnæði eða atvinnuhúsnæði þar sem óleyfisbúseta fer fram. Aðseturskráning vegna búsetu í atvinnuhúsnæði sem uppfyllir ákveðnar reglur getur breytt miklu varðandi öryggi íbúa í slíku húsnæði ef viðbragðsaðilar hafa upplýsingar um að í slíku húsnæði sé hugsanlega búið og þá hversu margir búa þar. Með slíkum upplýsingum þá er líklegra að viðbragðsaðilar fái betri yfirsýn yfir raunverulega búsetu í atvinnuhúsnæði sem aftur leiðir til meira öryggis. Vitneskja um raunverulegan fjölda íbúa í öllu húsnæði er mikilvæg fyrir alla viðbragðsaðila eins og íbúana sjálfa. Til að auka öryggi allra þá þarf aðgangur slökkviliðs og eftirlitsaðila að vera betri heldur en hann er í dag. Til að eftirlitsaðilar geti sinnt skyldum sínum þurfa heimildir eftirlitsaðila að vera skýrar og óumdeildar. Þetta á við um allt húsnæði hvort sem um er að ræða íbúðarhúsnæði eða atvinnuhúsnæði þar sem búseta er ekki heimil í dag. Í raun á þetta við um allt húsnæði þar sem búið er í.

Auknar heimildir slökkviliðs til aðgangs að húsnæði ef rökstuddur grunur er um ófullnægjandi brunavarnir þar sem fólk hefur fasta búsetu þurfa að vera þannig að það verði ekki talið brot á friðhelgi einkalífs. Skýr lagaheimild til að fara inn í húsnæði til eftirlits þarf að vera fyrir hendi, þegar grunur er um að líf og öryggi sé ekki tryggt.

Reglur um slíkt mættu að vera sterkari eignarréttarákvæðum eiganda húsnæðis, sem ekki uppfyllir kröfur um brunavarnir í húsnæði sínu.



II. Öryggi viðbragðsaðila

Hitt atriðið sem LSS vill leggja áherslu á er öryggi viðbragðsaðila. Auknar heimildir til eftirlits eru ekki eingöngu til þess fallnar að auka öryggi íbúa húsnæðis heldur einnig til þess fallnar að auka öryggi viðbragðsaðila.

Eins og dæmin sanna hefur það komið upp vegna óskráðra breytinga á húsnæði, hvort heldur er íbúðarhúsnæðis eða atvinnuhúsnæðis að slökkviliðsmenn og aðrir viðbragðsaðilar hafa lent í vandræðum vegna breytinga sem hafa verið gerðar á húsnæði og ekki verið skráðar eða tilkynntar.

Betri skráningar á óleyfisbúsetu í atvinnuhúsnæði ætti því einnig að auka öryggi slökkviliðs og annarra viðbragðsaðila. Nauðsynlegt er fyrir viðbragðsaðila eins og t.d. þegar slökkvilið kemur að brennandi húsnæði, að hafa upplýsingar um það hvort búið er í húsnæði eða ekki, eða hvort líkur séu á því.

III. Niðurlag

LSS styður markmiðið þessarar lagasetningu sem er að efla öryggi í íbúðarhúsnæði og þeirra sem búa í óleyfishúsnæði og ekki síður að efla öryggi slökkviliða og heimildir eftirlitsaðila til fyrirbyggjandi aðgerða og eftirlits ásamt viðbragðsþjónustu þegar vá ber að höndum.

Slökkviliðum ber samkvæmt lögum að sinna eftirliti með húsnæði og nái frumvarpið fram að ganga og verði afgreitt sem lög frá Alþingi þá er það mat LSS að það muni styrkja slökkviliðin í þeim störfum. Reglubundið endurmat á öllu sem tryggi að lög og reglur um brunavarnir verði sem bestar í framtíðinni.

Fyrir hönd Landssambands- slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna

Guðmundur Þór Jónsson



Bjarni Ingimarsson

Bjarni Ingimarsson
Formaður